

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – September 2017

Skráð atvinnuleysi var 1,8% í september

Skráð atvinnuleysi í september var 1,8% og minnkaði um 0,1 prósentustig frá ágúst. Að meðaltali fjölgaði um 75 á skrá í september í ár frá september í fyrra (2016), en þá mældist atvinnuleysi 1,9%.

Atvinnuleysi breyttist lítið milli landshluta frá ágúst. Á höfuðborgarsvæðinu minnkaði atvinnuleysið um 0,1 prósentustig en var óbreytt að meðaltali á landsbyggðinni. Á Vesturlandi og Austurlandi jókst atvinnuleysi um 0,2 prósentustig en var óbreytt að mestu leyti annars staðar á landsbyggðinni.

Alls höfðu 819 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok september en voru 922 í septemberlok 2016. Hefur þeim því fækkað um 103 milli ára.

Greiddar voru 656 milljónir í atvinnuleysistryggingar í september og 876 milljónir í fæðingarorlof.

Í september komu alls inn 208 ný laus störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar.

Auglýst störf eru nokkuð fjölbreytt. Mest var um ýmis konar afgreiðslustörf í verslunum og veitingastöðum, auk starfa verkafólks m.a. í iðnaði og landbúnaði.


Alls fóru 606 einstaklingar af skrá í septembermánuði, þar af fór 341 í vinnu eða um 56%. Þá voru 147 (24%) einstaklingar sem staðfestu einfaldlega ekki atvinnuleit í lok september eða mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal og voru því afskráðir.

Alls voru 953 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok september eða um 26% allra atvinnulausra. Flestir þeirra komu frá Póllandi, 562 eða um 59% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisskrá.

Í september gaf Vinnumálastofnun út 200 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 1.389 atvinnuleyfi það sem af er ári og 187 ný atvinnuleyfi á grundvelli skorts á starfsfólki hér á landi.

Alls voru 90 einstaklingar í starfstengdum vinnu- markaðsúrræðum í september og er skiptingin nokkuð jöfn á karla og konur og dreifing eftir menntun er líka í samræmi við dreifinguna á skránni í heild.

Skráð atvinnuleysi frá sept. 2015 til sept. 2017



Greining atvinnuleysis

Atvinnuleysi í september og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í september mældist eins og fyrr segir 1,8% og var að jafnaði 3.361 einstaklingur á skrá í mánuðinum. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 158 á atvinnuleysissskrá frá ágúst. Hins vegar voru nú 75 fleiri á atvinnuleysissskrá en í lok september 2016.

Búseta atvinnulausra, kyn og aldur


Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í september eða 2,1% og 2,0% á höfuðborgarsvæðinu.

Alls voru 377 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok september í ár sem samsvarar um 1,3% atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmennum hefur fækkað lítið eitt frá september 2016 þegar 417 ungmenni voru atvinnulaus. Hins vegar eru töluvert fleiri atvinnulausir á aldrinum 25-54 ára nú heldur en fyrir ári og munar þar 116 manns. Fjöldi fólks á aldrinum 55-69 ára stendur nánast í stað á milli ára, þó það sé nokkuð mismunandi milli 5 ára aldurshópa hvort fjölgað hefur eða fækkað milli ára.

Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 819 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok september en voru 922 í septemberlok 2016. Hefur þeim því fækkað um 103 milli ára. Á sama tíma hefur þeim sem hafa verið atvinnulausir innan við ár fjölgað nokkuð, eru nú 2.836 en voru 2.658 í lok september fyrir ári. Hlutfall langtímaatvinnulausra hefur því lækkað úr 26% í september 2016 í 22% í september 2017.

Atvinnuleysi eftir landshlutum



Alls voru 1.612 karlar að jafnaði atvinnulausir í september og 1.749 konur og var atvinnuleysi 1,6% meðal karla og 2,1% meðal kvenna. Atvinnuleysi minnkar milli ára hjá konum og er nú 0,2 prósentustigi lægra en í september 2016. Atvinnuleysi eykst á hinn bóginn lítið eitt meðal karla og er nú 0,1 prósentustigi hærra en í september 2016.

**GREIÐSLUSTOFA
GREIDDI**

656 milljónir

Í september

Þar af voru:

600 milljónir vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga.

22 milljónir vegna barnadagpeninga.

34 milljónir vegna tekjutengdra atvinnuleysistrygginga.


Starfsstéttir og atvinnugreinar

Fækkun var í hópi atvinnulausra sem starfað höfðu við sölu- og afgreiðslustörf, ýmis sérhæfð þjónustustörf og sérfræðistörf frá september 2016. Verkafólki fjölgaði á hinn bóginn sem og véla- og vélgæslufólki, iðnaðarmönnum og sjómönnum. Var fjölgunin hlutfallslega mest meðal véla- og vélgæslufólks og þá iðnaðarmanna. Einnig fjölgaði þeim sem gegndu ýmsum störfum sérmenntaðra. Þegar breytingar eru skoðaðar eftir atvinnugreinum má sjá að atvinnulausum hefur fækkað úr fjármála- og tryggingastarfsemi, upplýsinga- og fjarskiptastarfsemi, iðnaði og féлага- og menningarstarfsemi. Hins vegar fjölgaði atvinnulausum í öðrum atvinnugreinum, hlutfallslega mest í fiskvinnslu, flutningastarfsemi, byggingariðnaði og fræðslustarfsemi milli ára.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 953 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok september eða um 26% allra atvinnulausra og hefur fjöldinn verið svipaður síðustu mánuði, en hlutfall erlendra ríkisborgara hefur farið hækkandi þar sem þeim fækkar hægar á skrá en íslenskum ríkisborgurum. Þessi fjöldi samsvarar um 3,9% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá komu frá Póllandi eða um 59%.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni



Horfur til næstu mánaða

Yfirleitt byrjar árstíðabundið atvinnuleysi að aukast í október. Gera má ráð fyrir að atvinnuleysi aukist í atvinnugreinum þar sem áhrifa árstíðarsveiflu gætir eins og t.d. í mannvirkjagerð, verslun og í gistingu. Gera má ráð fyrir að skráð atvinnuleysi verði á bilinu 1,8-2,0% í október.


Þjónusta við atvinnuleitendur

Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 606 einstaklingar af skrá í septembermánuði, þar af fór 341 í vinnu eða um 56%. Þá voru 147 (24%) einstaklingar sem staðfestu einfaldlega ekki atvinnuleit í lok september eða mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal og voru því afskráðir. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu. Þá fóru 22 (4%) einstaklingar af skrá vegna þess að þeir voru óvinnufærir.

Ástæður þess að fólk fór af atvinnuleysissskrá í september



Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa. Þannig fóru 19 af skrá vegna töku fæðingarorlofs, 9 vegna þess að þeir fluttu úr landi, 19 manns hættu við umsókn eða drógu hana til baka og 49 nefndu ýmsar aðrar ástæður s.s. fóru í nám eða að bótaréttur hafi verið fullnýttur.

Konur eru að þessu sinni í meirihluta þeirra sem fóru af skrá, eða um 57% afskráðra. Þær voru fjölmennari í hópi þeirra sem fóru í vinnu eða 60%. Um 70% afskráðra, eða 419 manns, höfðu verið atvinnulausir í innan við hálf t.ár, 111 (18%) manns í hálf til eitt ár og 76 (13%) í ár eða lengur.

Margir þeirra sem fóru í starf nýttu sér þjónustu vinnumiðlunar Vinnumálastofnunar við atvinnuleitina. Sumum var miðlað beint í starf af atvinnuráðgjafa, aðrir fengu ráðgjöf og urðu sér út um starf upp á eigin spýtur og enn aðrir voru einungis skráðir atvinnulausir og fundu sér starf án nokkurrar aðstoðar.

Auglýst störf í vinnumiðlun í september

Í september komu alls inn 208 ný laus störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar. Flest þeirra, eða 77 (37%) voru á Höfuðborgarsvæðinu og því næst 41 (20%) á Vesturlandi, 33 (16%) á Suðurlandi og 19 (9%) á bæði Suðurnesjum og Norðurlandi eystra. Um 9% auglýstra starfa voru annars staðar á landinu.

Auglýst störf eru nokkuð fjölbreytt eins og fram kemur í töflunni hér að neðan. Þannig er um 24% starfa fjölbreytt störf við þjónustu s.s. þjónar, kokkar og starfsfólk við gæslu og umönnun, 16% afgreiðslustörf á matsölustöðum og kaffihúsum og í verslunum af ýmsu tagi og um 15% eru störf verkafólks í iðnaði, landbúnaði og ofl.

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- og sérfræðistörf, skrifstofufólk	25	12%
Þjónustustörf	49	24%
Afgreiðslustörf	34	16%
Iðnaðarmenn	34	16%
Bílstjórar og vélafólk	5	2%
Verkafólk í þjónustu	29	14%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði o.fl.	32	15%
Samtals	208	100%

EURES vinnumiðlun Vinnumálastofnunar hefur miðlun starfa innan EES á sinni könnu. Alls hefur EURES 106 staðfestar ráðningar síðustu 4 mánuði (júní til september) á erlendu starfsfólki til fyrirtækja sem óskað hafa eftir starfskrafti í gegnum miðlunina. Þá sér EURES um að senda auglýst störf á Íslandi í sameiginlegan starfagrunn innan EES og að aðstoða Íslendinga við atvinnuleit erlendis.


Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Alls voru 90 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum í september og er skiptingin nokkuð jöfn á karla og konur og dreifing eftir menntun er líka í samræmi við dreifinguna á atvinnuleysisráðgjafum í heild.

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Í september tóku 664 manns þátt í slíkum úrræðum og hefur þátttakendum í úrræðum fjölgað mikið frá sumarmánuðum þegar slík virkni er jafnan í lágmarki.

Af þessum 664 voru 249 í ýmis konar grunnúrræðum, en grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitar-námskeið, ferilskrágerð, markmiðasetningu og sjálfsstyrkingu. Þá voru 302 manns á ýmis konar námskeiðum, í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið fyrir útlendinga, en einnig ýmis starfstengd námskeið, tölvunámskeið og bókhalds-námskeið. Þá voru 53 einstaklingar skráðir í nám á framhalds- eða háskólastigi í september og má sjá aldersdreifingu þeirra á mynd hér að neðan.

Aldursdreifing atvinnuleitenda í lengri námsleiðum í september



Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í september unnu 32 einstaklingar að slíkri hugmynd, 17 karlar og 15 konur. Þá voru 15 einstaklingar í atvinnutengdri endurhæfingu og 13 í vinnustaðanámi eða öðrum atvinnutengdum verkefnum.

Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í september voru gefin út 24 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 10 einstaklingar. Alls voru gefin út 327 slík vottorð á tímabilinu janúar til september 2017, sem er nokkur fækkun frá sama tíma síðustu ár.

Á fyrstu níu mánuðum ársins hafa samtals verið móttækin 47 U2 vottorð útlendinga sem koma í atvinnuleit til Íslands.

Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleisstryggingu sinni með því markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í september voru gefin út 95 U1 vottorð, flest til Póllands eða 24, næst í röðinni var

Tékkland, en þangað voru gefin út og send 16 slík vottorð, 15 vottorð voru send til Spánar og 7 til Frakklands, en færri vottorð til 11 landa að auki.

Á fyrstu níu mánuðum ársins hafa samtals verið gefin út og send 599 U1 vottorð, sem er nokkru meira en í fyrra og raunar síðustu 4 ár að jafnaði.



Útlendingar

Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

Liðlega 60% aukning í útgefnum atvinnuleyfum vegna skorts á starfsfólki

Í september gaf Vinnumálastofnun út 200 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 1.389 atvinnuleyfi það sem af er ári. Af útgefnum leyfum í september voru 74 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, 45 framlengd leyfi og 81 leyfi til námsmanna.

Það sem af er árinu hefur Vinnumálastofnun gefið út 187 ný atvinnuleyfi á grundvelli skorts á starfsfólki hér á landi. Til samanburðar gaf Vinnumálastofnun út 118 ný slík leyfi allt árið 2016. Hefur slíkum leyfum nú þegar fjölgað um 69 leyfi og því um tæplega 60% aukningu á milli ára að ræða. Á meðfylgjandi súluriti má sjá sex fjölmennustu ríkisföng þeirra útlendinga sem fengið hafa slík leyfi.




Sú mikla fjölgun sem á sér stað á útgefnum leyfum til ríkisborgara frá Bosníu-Hersegóvínu stafar af því að fyrirtæki sem sér um lagningu háspennulínu í tengslum við uppbyggingu kísilvers á Bakka við Húsavík kemur þaðan með starfsfólk og tæki. Mun sá hópur af útlendingum starfa hér á landi eitthvað fram á árið 2018. Fjöldi Ný-Sjálendinga hefur svo í mörg ár komið á hverju ári hingað til lands í tengslum við sláturtíð. Koma þeir þá og starfa í rúmlega mánuð áður en þeir halda aftur til síns heima.


Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur – Aukning á milli mánaða

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru samtals 49 erlend fyrirtæki starfandi í september 2017 og fjölgaði þeim um 13 á milli mánaða. Þessa aukningu má rekja til framkvæmdanna á Bakka við Húsavík þar sem verið er að reisa kísilverksmiðju. Starfsmenn á vegum erlendra fyrirtækja voru samtals 569 í september og hefur þeim fjölgað um 81 frá síðasta mánuði. Meðfylgjandi súlurit sýnir hver þróunin hefur verið á árinu 2017.

Erlend fyrirtæki og starfsmenn þeirra
Þróun á árinu 2017



Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra sem erlendra, samtals 2.044 í mánuðinum á vegum 29 starfsmannaleiga. Þessum starfsmönnum hefur því fjölgað á milli mánaða, eða um 116. Meðfylgjandi súlurit sýnir hver þróunin hefur verið á árinu 2017.



Af þeim 29 starfsmannaleigum sem voru starfandi á Íslandi í september voru 17 innlendar og 12 erlendar. Innlendu starfsmannaleigurnar voru með 1.975 starfsmenn á sínum vegum en hinar erlendu með 69. Starfsmenn starfsmannaleiga starfa því að miklum meirihluta hjá innlendum starfsmannaleigum líkt og síðustu mánuði. Þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum starfsmannaleigum teljast vera útsendir starfsmenn (e. posted workers), líkt og þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum þjónustufyrirtækjum. Í september voru því samtals 638 útsendir starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði.

FÆÐINGARORLOFS- SJÓÐUR GREIDDI

876 milljónir

til 1.061 karls og 2.814 kvenna
í september 2017

ÁBRGÐARSJÓÐUR LAUNA GREIDDI

27 launamönnum

vangoldin laun vegna gjaldþrota
fyrirtækja í september

Fréttir úr starfinu

Norrænt atvinnuleysis-tryggingamót á Helli

VinnuMálastofnun hélt Norrænt atvinnuleysis-tryggingamót á Hótel Stracta Helli dagana 14.-15. sept. Norrænt atvinnuleysis-tryggingamót er haldið annað hvert ár og er markmiðið að saman komi helstu sérfræðingar Norðurlandanna á sviði atvinnuleysis-trygginga til þess að deila reynslu og hlusta á erindi sem varpað geta ljósi á það hvernig löndin bæta atvinnuleysis-tryggingakerfi sín og miðla reynslu sín á milli.

Að þessu sinni var fókusinn á áhrif deiliahagkerfisins og rafrænnar tækni á atvinnuleysis-tryggingakerfin. Tæplega 100 þátttakendur sóttu fundinn þar sem upplýsandi umræða var í forgrunni.

[Smellið hér til að nálgast frekari upplýsingar um erindi og dagskrá](#)

Norrænu atvinnuleysis-tryggingamótin eru hluti hins norræna samstarfs á sviði atvinnuleysis-trygginga og eru fundirnir að langmestu fjármagnaðir með fé frá Norrænu ráðherranefndinni.



Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistödlur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum VinnuMálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra